

Garðabær  
Hrönn Hafliðadóttir  
Garðatorg 7  
210 Garðabær

Reykjavík, 23. júlí 2024  
UST202406-097/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Breyting - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030 og nýtt deiliskipulag - Arnarland, svæði 3.37**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Garðabæjar er barst 10. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 fyrir blandaða byggð í landi Arnarlands.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að um 9 ha lands verði breytt úr verslun og þjónusta (Vþ) í miðsvæði (M) fyrir blandaða byggð atvinnu, skrifstofa og íbúða. Auk þess kemur fram að í nýju deiliskipulagi er áhersla lögð á uppbyggingu heilsubyggðar, heilsutengda starfsemi þekkingarfyrirtækja og aðra heilsutengda þjónustu, verslun og almenna þjónustu fyrir íbúa og gesti. Gert er ráð fyrir blandaða og græna byggð, vistvænum samgöngum og sérstaklega verður horft til umhverfisvænna lausna með sjálfbærni að leiðarljós.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

***sérfræðingur***